

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ SKELJUNGS Í ÖRFIRISEY

Dagsetning	15. nóvember 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur hf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2024
Heimilisfang	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590269-1749	Fulltrúar fyrirtækis	Steinar Guðnason
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 09,602 V21 56,536
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Tvær athugasemdir eru gerðar við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs í Örfirisey, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar eru í góðu lagi.

Fráveitusýni var tekið 4. maí sl. úr frárennsli frá skilju nr. 5 og mældist olía í frárennsli vera 3,4 mg/l og stóðst olíuskiljan því kröfur. Sýni úr frárennsli VERA-skiljunnar (nr. 3) mældist 13 mg/l, úr skilju nr. 1 (bensínsvæði) mældist 2,3 mg/l, úr skilju nr. 6 (gasolíuáfyllipallur) mældist 1,9 mg/l og sýni af frárennsli olíuskiljunnar á Eyjagarði II mældist innihalda 3,5 mg/l af olíu. Allar skiljur hafa því staðist kröfur í reglugerð um hámarks olíuleifar í frárennsli þeirra. Allar olíuskiljurnar voru þjónustaðar 17. október sl. Sjálfvirkir skynjarar eru í þeim olíuskiljum þar sem mest álag er á kerfinu. Skilaboð eru send til vaktmanna ef olíumagn í skiljum nær ákveðnu marki.

Skeljungur á 14 geyma í stöðinni og hafa allir nema tveir verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Við komu í eftirlit vantaði botnþykktarmælingar á tvo geyma 200-0012-040101 (nr. 4) og 200-0012-070101 (nr. 7). Botnþykktarmælingar á geymi nr. 7 hafa nú borist.

Allar lagnir sem ganga út úr mengunarvarnarpóm voru þrýstiprófaðar árið 2008. Í sumar og fram eftir hausti hefur staðið yfir viðhald á lögnum innan þróa og er búið að mála þær flestar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró).

Girðingar og hlið voru í ágætu lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Botnþykktarmælingar geyma

Frávik frá: Í starfsleyfi, gr. 3.2, er gerð krafa um að botnar og neðsta umfar geyma skuli mæla á minnst 10 ára fresti. Tveir geymar í stöðinni, 200-0012-040101 (nr. 4) og 200-0012-070101 (nr. 7), höfðu ekki verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Nú hafa borist niðurstöður mælinga á botni og neðsta umfari geymis nr. 7 (200-0012-070101) en geymir nr. 4 (200-0012-040101) er enn ómældur. Niðurstöður mælinga skulu sendar Umhverfisstofnun.

Athugasemd 1: Gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensín

Gufuendurnýtingarbúnaður stöðvarinnar er flókinn og viðkvæmur búnaður. Til þess að ákvæði reglugerðar um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda, við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, nr. 252/1999, er nauðsynlegt að hafa gott eftirlit og að viðhalda búnaðinum samkvæmt kröfum framleiðanda. Sjá eftirlitsskýrslu Aker Solutions frá 2011.

Athugasemd 2: Loftun bensíngeyma

18. ágúst sl. var bensíngeymir í stöðinni opnaður til viðhalds og hreinsunar. Hægur andvari var og lagðist bensíngufa inn yfir bæinn. Lögregla og heilbrigðiseftirlit höfðu samband við félagið. Ólafur Jónsson hafði samband við undirritaðan og mætti ég á staðinn. Málið var útskýrt. Skeljungsmenn voru beðnir að setja í verklagsreglur sínar að huga að vindátt áður en bensíngeymar eru opnaðir.

Reykjavík, 13/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.